

Innköllun á segulleikföngum frá Mega Brands.

Neytendastofa vekur athygli á innköllun fyrirtækisins Mega Brands á leikföngum sem innihalda litla segla sem geta losnað:

Leikföngin eru innkölluð vegna þess að í þeim eru litlir seglar sem geta losnað og valdið hættu séu þeir gleptir eða þeim stungið í nef eða eyru. Leikföngin sem innkölluð eru hafa verið í sölu frá byrjun árs 2005.

Skv. upplýsingum frá Mega Brands hafa segulleikföng af ýmsum gerðum sem kallast „Magtastik“ og „Magnetix Jr. Pre-School Magnetic Toys“ verið seld til Íslands beint, auk þess sem þau geta hafa borist eftir öðrum leiðum.

Sjá mynd hér að neðan og innköllun bandarísku vöruöryggisstofnunarinnar, [CPSC](#)

Mega Brands hefur einnig innkallað fleiri gerðir segulleikfanga sem kallast „Magnetix“ og „Magnaman“ en skv. upplýsingum fyrirtækisins hafa þessar gerðir ekki verið seldar beint til Íslands, þau gætu þó engu að síður hafa borist eftir öðrum leiðum.

Sjá nánar á vef [Mega Brands](#)

Neytendastofa hvetur foreldra og forráðamenn til að fjarlægja þegar í stað þau leikföng sem hættu getur mögulega stafað af og skila til viðkomandi söluaðila, eftir því sem við á.